

FUNDARGERÐ

376. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, var haldinn 28. júní 2016 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Guðrún Árnadóttir, Helgi Pétursson, Hrafn Magnússon, Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi: Reynir Vilhjálmsson.

Þetta gerðist:

1. Lóðin í Árskógum

Farið var yfir þá stöðuna eins og hún er gagnaþvrt FEB. Skráningu lóðar er ekki lokið að hálfu borgarinnar og því hefur ekki verið gengið lengra í neinum samningum m.a. við verktaka. Reynt hefur verið að fá framkvæmdaleyfi / grafrarleyfi en ekki er komin niðurstaða í því. Framgangur eða réttara sagt framgangsleysi Reykjavíkurborgar er með eindæmum – kalla má „afgreiðsluleysi“. Í rúmlega tveggja ára gömlum gögnum kemur fram að borgarráð veitir FEB vilyrði fyrir lóð og byggingarrétti á svæði við suður-Mjódd. Nú kemur í ljós að borgin „ræður“ ekki yfir lóðinni og því ekki hægt að úthluta henni né skrá hana, hvað þá að hefja framkvæmdir.

2. Fjármálin staða og fjölgun félaga

Dreift var uppfærði rekstraráætlun FEB árið 2016 sem framkvæmdastjóri fór yfir. Staða er innan allra marka en að sjálfsögðu er bókun vegna júní mánaðar ekki lokið en þar kemur inn uppgjör vegna flestra ferða á vegum félagsins. Í félaginu eru nú skráðir 10.200 og hafa 9.200 nú greitt félagsgjald ársins. Skil vegna útsendingar til aldurshópsins fæddra árin 1950 / 51 skilar sér vel. Umræða um félagsstarfsemina. Formaður lagði til og það samþykkt að farið yrði frekari í umræður og stefnumótun í ágúst.

3. Fundurinn 9. júní

Tókst með eindæmum vel. Erindi og innlegg bæði andleg og í föstu formi féllu í góðan jarðveg. Umræða um sýnileika og baráttu á næstunni og þá sérstaklega fyrir fyrirhugaðar Alþingiskosningar í október. Innihaldið verði „Viðhorfið“ til aldurshópsins. Tillaga um fund á Lækjartorgi þar sem m.a. niðurstöður skýrslu um framlag eldri borgara til samfélagsins yrði kynntar.

4. Umræður frá síðasta fundi

Lögð fram Minnisatriði FEB/LEB sem Brynjólfi og Gísla var falið á síðasta fundi að vinna. Komið inn á nokkur atriði í stöðunni sem stjórn / FEB þarf að velja fyrir sér. Okkar skylda er að fara vel með það fé sem FEB hefur til umráða og að stjórn telur að betur megi fara með fé innan LEB. Rætt um hvaða leiðir þurfi / eigi að fara. Tillaga sem samþykkt var að framkvæmdastjóri ynni m.a. eftir; Greiða 2.5 milljónir til LEB. Ræða fjármál LEB við forsvarsmenn þar. Ítreka boð til LEB um að samnýta aðstöðu hér í Stangarhylnum.

Tillaga frá félagsmanni til stjórnar um að FEB segi úr LEB. Tillagan tekin fyrir og hún rædd frekar samhliða næstu aðgerðum á fundi í ágúst.

5. Erindi til FEB

- Bréf frá Sjálfseignarstofnuninni EIR um að FEB skipi einn fulltrúa og einn til vara í fulltrúaráð Eirar. Ekki er gert ráð fyrir fjárframlagi í tengslum við þessa skipan. Samþykkt; Guðrún Árnadóttir aðalmaður og Þórunn Sveinbjörnsdóttir til vara.
- Bréf ættingja Ingvars Alberts Jónnsonar kt 091259-4009 um að hann hafi möguleika á að gerast félagsmaður og kaupa íbúð að Skúlagötu 20 þó hann hafi ekki aldur til. Beðið er um að tekið verði tilliti til aðstæðna og skrá hann í FEB. Samþykkt, en bent á íbúð við Vesturgötu 7 gæti hentað betur – sjá næsta lið.
- Erindi fasteignasölnunnar Borga hvort FEB hefði áhuga að að kaupa íbúð að Vesturgötu 7 eða hvort við hefðum fengið fyrirspurnir frá fólki sem væri að leita að sambærilegri íbúð og er að Vesturgötu 7. – FEB mun ekki kaupa þessa íbúð en tengt erindi hér ofar.
- Bréf frá formanni Snúðs og Snældu þar sem vísað er í umræður stjórnarmanna á árunum 2013 og 2014 um hugsanlega skuld við leikfélagið vegna slita á samvinnu félaganna. – Niðurstaða stjórnar að þessu hafi verið svarað efnislega árið 2013 og lagt fyrir þáverandi stjórn félagsins.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.50.